

Heilsueflandi grunnskóli

Rammi utan um starfið



Hverjir standa að þróunarstarfi um Heilsueflandi grunnskóla?

Embætti landlæknis, velferðarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið standa að þróunarstarfi um heilsueflandi grunnskóla.

Embætti landlæknis stýrir undirbúningi, framkvæmd og mati verkefnisins. Auk ofantaldra aðila eiga m.a. Samband íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóli, skólaheilsugæslan og menntasvið Reykjavíkur fulltrúa í ráðgefandi faghópi Heilsueflandi grunnskóla.

Hvað felur þátttaka skóla í þróunarstarfi Heilsueflandi grunnskóla í sér?

1. Umsókn skóla

- Skóli sækir um þátttöku í þróunarstarfi Heilsueflandi grunnskóla með því að fylla út og skila inn eyðublaði sem er á: www.landlaeknir.is/heilsueflandiskoli
- M.a. er gerð krafa um að tilgreindur sé tengiliður skólans við Embætti landlæknis, skipaður sé stýrihópur og að skólastjóri skrifi undir umsóknina.

2. Sem staðfestingu á þátttöku afhendir Embætti landlæknis skóla eftirfarandi efni:

- Handbók Heilsueflandi grunnskóla
- Veggspjald Heilsueflandi grunnskóla og ramma.
- Hnapp Heilsueflandi grunnskóla fyrir heimasíðu skólans, sem sýnir þátttöku skólans.
- Nafn skólans kemur fram á lista yfir þátttakandi skóla á heimasíðu Heilsueflandi grunnskóla. Listinn er árlega endurskoðaður í samræmi við skil á verkefnaáætlun og stöðumati (sjá neðar).

3. Skóli myndar stýrihóp og virkjar viðeigandi hagsmunaaðila

- Stýrihópurinn ber ábyrgð á framvindu verkefnisins og æskilegt er að samsetning hans endurspeglir flesta þætti heilsueflandi grunnskóla, s.s. með þátttöku skólastjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda, foreldra og nærsamfélagsins.
- Tengiliður skólans við Embætti landlæknis á sæti í stýrihópnum.
 - Æskilegt er að ráðgjafi Heilsueflandi grunnskóla heimsæki skólann og haldi fund með stýrihópnum ásamt skólastjóra og skólahjúkrunarfræðingi ef þessir aðilar sitja ekki í stýrihópnum.
 - Æskilegt er að ráðgjafi Heilsueflandi grunnskóla haldi fræðslufund með öllum starfsmönnum skólans.
 - Að auki geta einstaka skólar eða sveitarfélög, eftir aðstæðum, óskað eftir sértækari stuðningi á sviði tóbaksvarna (*Tóbakslausir grunnskólar*), hreyfingar (handbók og námskeið), geðræktar (*Vinir Zippýs*, handbók og námskeið; *Örugg saman*, námsefni og kynning), næringar (handbók og námskeið) og tannverndar (námskeið). Sjá meira um þetta efni á vefsíðum um Heilsueflandi grunnskóla.
 - Á vefsíðum undir [Heilsueflandi grunnskóli](http://www.landlaeknir.is/heilsueflandiskoli) er ýmiss konar stuðningsefni og upplýsingar um hvert má beina fyrirspurnum vegna verkefnisins.

4. Skólinn vinnur stöðumat og setur fram verkefnaáætlun fyrir hvert skólaár

- Skólinn notar handbók *Heilsueflandi grunnskóla* og vefsvæðið www.heilsueflandi.is til að meta stöðu sína út frá átta áhersluþáttum heilsueflandi grunnskóla og forgangsraðar í samræmi við sínar þarfir og áherslur. Á vefsvæðinu er hver skóli með sitt eigið svæði.
- Skólinn setur fram verkefnaáætlun samkvæmt þar til gerðu sniðmáti. Í verkefnaáætluninni eiga að koma fram markmið, aðgerðir og ábyrgðaraðili fyrir hvern lið í gátlista.
- Skólinn getur valið að taka fyrir einn eða fleiri áhersluþætti heilsueflandi grunnskóla á hverju ári.
- Skólinn kynnir starfið fyrir nemendum, foreldrum, nærsamfélaginu og öðrum viðeigandi hagsmunaaðilum og heldur þeim upplýstum um framvindu þess.

5. Skólinn vinnur samkvæmt verkefnaáætlun á yfirstandandi skólaári

- Stýrihópur ber ábyrgð á framvindu starfsins og hittist að minnsta kosti einu sinni í mánuði.

6. Í lok skólaárs vinnur skólinn stöðumat fyrir liðið ár

- Í lok skólaárs metur stýrihópur stöðu hvers liðs í gátlista og tekur afstöðu til hver næstu skref eigi að vera. Stöðumat er unnið á þar til gerðu formi á vefsvæðinu www.heilsueflandi.is og er samþykkt af skólastjóra og stýrihópi.
- Embætti landlæknis fer yfir verkefnaáætlun og stöðumat og veitir endurgjöf eftir þörfum.

Fyrst um sinn er hver þátttakandi skóli skilgreindur þannig að hann „vinni í anda *Heilsueflandi grunnskóla*“ en áður en skóli getur kallað sig „*Heilsueflandi grunnskóli*“ þurfa öll viðmið *Heilsueflandi grunnskóla* að hafa öðlast virkan sess í starfi og námsskrá skólans.

Til að skóli teljist vinna í anda Heilsueflandi grunnskóla þarf:

- Skólinn að vinna eftir ramma Heilsueflandi grunnskóla
- Stýrihópur að vera starfandi strax í skólabyrjun að hausti
- Stýrihópur/framkvæmdarhópur að hittast minnst mánaðarlega yfir veturinn
- Að fylla út gátlista og gera verkefnaáætlun og stöðumat á hverju ári á vefsvæðinu heilsueflandi.is
- Skólinn að hafa fengið ráðgjafa Embættis landlæknis til að hitta stýrihópinn og halda kynningu fyrir starfsfólk
- Veggspjald Heilsueflandi grunnskóla að hafa verið hengt upp í skólanum
- Kynning að hafa farið fram fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra og upplýsingar um stöðu skólans í verkefninu eru reglulega kynntar